

## 112. fundur skólanefndar miðvikudaginn 9. mars kl. 17:00 í Ráðhúsinu

Mættir: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, Áslaug Kristjánsdóttir, Einar Gunnarsson fulltrúi kennara í grunnskólanum, Sigurborg Sturludóttir fulltrúi kennara í grunnskólanum, Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri, María Magnúsdóttir fulltrúi foreldra í leikskólanum, Hrefna Frímansdóttir, Guðmunda Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra í grunnskólanum, Haukur Garðarsson, Sigurður Þórarinsson og Elín Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Skýrsla skólastjóra GSS

#### 1. Marspunktur GSS 2011

- Þriðjudagur 1. Fundur skólastjóra leik – grunn og tónó kl. 9:00
- Miðvikudagur 2. Starfsmannafundur GSS kl. 15:00  
Skemmtun í skólanum áb. 7.b. nem. í 4. – 6. boðið
- Mánudagur 7. Teymisfundir auglýstir sérstaklega.
- Miðvikudagur 9. Öskudagur, kennslu lýkur kl. 12:30 –  
Furðufataganga Búið að vera skemmtilegur dagur.  
frá Tónó kl. 14:00 – Dagskrá foreldra augl. síðar.  
Fundur skólanefndar kl. 17:00 í Ráðhúsinu
- Mánudagur 14. Teymisfundir
- Miðvikudagur 16. Kennaraf. kl. 15 – Undirbúningur Árshátíðar GSS  
Árshátíð GSS yngri deildir 1. – 6. bekkir
- Fimmtudagur 17. Árshátíð eldri nema , 7. – 10. bekkir, auglýst síðar.
- Sunnudagur 20. Nem. og for. 7. b fara frá skólanum kl. 17, farið  
til Dalvíkur – heimkoma miðvikudag 23.,seinnipart. Gunnar  
Hinriksson mun lána bíl frá sér og foreldri úr nemendahópnum mun  
keyra.
- M/21+Þr/22. Vetrarfrí hjá GSS.
- Miðvikudagur 23. Árgangafundir, nema annað verði ákveðið.
- Mánudagur 28. Teymisfundir
- Miðvikudagur 30. Frjáls fundardagur.

2. Skóladagatal GSS 2011 – 2012. Ein breyting varð á skóladagatali frá drögum sem kynnt voru á s.l. fundi. Föstudaginn 20. apríl verður frídagur hjá grunnskólanum og því færast skólaslit til 5. júní 2012.

#### 3. Önnur mál

Skólastjóri tjáði að ekki hefðu niðurstöður samræmdræprófa verið viðunandi nú í vetur. Búið er að kortleggja og ákveða hvernig skólinn ætlar að vinna úr þessum niðurstöðum. Lögð verður áhersla á íslensku og stærðfræði.

Sigurborg Sturludóttir heldur utan um íslenskuna. Tvennt verður aðallega gert annarsvegar skimunarpróf sem keypt var frá Námsmatsstofnun Íslands. Með því prófi er hægt að skima

nemendur og meta hvað eigi að leggja aðaláherslu á. Og hins vegar verður lögð áhersla á lesskilning. Þessi vinna verður unnin á yngsta stigi grunnskólans. Farið verður hægt af stað en næsta vetur verður farið af stað af fullum krafti.

Einar Gunnarsson heldur utanum stærðfræðina. Í fyrravor var haldið af stað með að leggja áherslu á stærðfræði á yngsta stiginu. Nú verður haldið enn frekar áfram með þetta verkefni og ekki síst í ljósi niðurstaðna samræmdra prófa. Sú stærðfræði sem verður innleidd í yngstu bekkjum verður lögð á þrautavinnu og þrautalausnir. Leggja þarf mikla áherslu á að þau hugsi hlutbundið. Ný hugmyndafræði var innleidd í stærðfræðikennslu fyrir ca 10 árum.

Þessi vinna er langhlaup og gerist ekki á einum vetri. Kennarar munu hittast reglulega til að þróa verkefnin og fara yfir hvað gengur vel og hvað má betur fara.

Einar myndi vilja leggja áherslu á að foreldra komi að þessu verkefni. Hann myndi gjarnan vilja kynna þetta efni betur fyrir foreldrum í haust og einnig fyrir skólanefndinni.

Umræða skapaðist um stærðfræðikennslu. Spurning hvort nú væri ekki lag og hafa enn meiri samvinnu við kennara í leikskólanum þar sem skoðað yrði hvaða stærðfræði fer fram í leikskólanum. Einnig hvort kennarar í FSN og grunnskólans myndu hittast og spjalla saman um stærðfræðikennslu.

Umræða skapaðist um samræmd próf.

Gunnar ræddi um Uppeldi til ábyrgðar sem er einnig langhlaup eins og framangreind atriði.

Formaður leggur áherslu á að gott sé að uppfæra foreldra reglulega um gang mála í ofangreindum verkefnum.

### Skýrsla skólastjóra leiksskólans

- Barnafjöldi: Aðlaganir halda áfram, ganga mjög vel. Nokkuð hefur verið um veikindi eins og búast má við hjá svona ungum börnum. Börnin eru nú orðin 55 og fer fjölgandi í mars og apríl.
- Starfsdagur: Gekk mjög vel, allar ánægðar með námskeiðið hjá Einar Strand. Skyndihjálpar námskeið eru reglulega annað hvert ár.
- Daglegt leikskólastarf: Undirbúningur fyrir öskudag hefur gengið mjög vel, börnin útbjuggu búningana sína sjálf. Börnin voru mjög glöð með búningana sína og var dagurinn í dag mjög ánægjulegur og gekk vel í alla staði. Nemendur skólans hittist inn á Mostraskegg (salur skólans) þar sem kötturinn var sleginn úr tunnunni, farið var í leiki og dansað. Tunnan innihélt popp sem börnin gæddu sér á. Skólastjóri minnir á heimasíðu skólans þar sem má sjá myndir af verkefnum.
- Foreldrasamstarf: Nú fer að styttest í foreldraviðtöl sem eru hefðbundin einu sinni á ári. Viðkomandi deildarstjóri sér um viðtölin. Þar er farið yfir þroska og framfarir barnanna.
- Sérfræðingar: Ásta talmeinafræðingur er væntanleg 10. mars og Inga sálfræðingur kom 22. febrúar, kemur aftur seinnipartinn í mars.

- Fundir: Leikskólastjórar á Snæfellnesi funda reglulega og fara yfir stöðu leikskólamála. Umræður hafa verið um stöðu leikskólafulltrúa eða starfsmann fyrir leikskóla á Félags-og skólaþjónustu Snæfellinga. Leikskólastjórar vilja halda þessari umræðu opinni til að minna á mikilvægi þessa málaflokks. (Sjá starfslýsingar hér með).

Formaður sagðist hafa verið þeirra ánægju njótandi að skoða þessa skemmtilegu búninga í gær hjá börnunum.

Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri kynnti fjármál skólanna 2010 og 2011.

Bæjarstjóri, bæjarritari og skólastjórar hafa hist á þriggja mánaða fresti og farið yfir fjármál skólanna. Nú er stefnt að því að hittast á tveggja mánaða fresti.

Umræða skapaðist um þær aðstæður sem sköpuðust við það að tekin varð ákvörðun um að viðbyggingu við grunnskólann var frestað.

Skólastjórar viku af fundi.

Nefndarmenn ræddu þau plögg sem formaður sendi til kjörinna nefndarmanna um störf og skyldur nefndarmanna. Formaður leggur áherslu á að gott væri að nefndarfulltrúar myndu sækja fund í Borgarnesi 8. apríl þar sem kynnt eru störf og skyldur nefndarfulltrúa.

Rætt var um hve gott væri að kynna enn frekar það starf sem fram fer innan skólanna.

Umræða var um hve gríðarlega mikilvægt er að huga vel að og halda vel utan um endurmenntun kennara.

Formaður sagði frá kynningarbækling sem hún fékk um Skólavogina. Það er tæki til að mæla innra og ytra mat skóla. Hægt er að fá kynningu á þessu verkefni frítt ef bæjaryfirvöld sækja um það fyrir 15. mars. Með þessu kæmi óhlutdrægur aðili til að meta skólastarfið. Nefndarmenn hvetja bæjaryfirvöld til að sækja um kynningu á Skólavoginni.

Vangaveltur voru um hvort hægt sé að nota niðurstöður Hljóm-2 prófsins sem framkvæmt er í leikskólanum fyrir 5 ár börnin til samanburðar við útkomu samræmdra prófa.

Formaður kynnti starf, skyldur og hlutverk skólanefndarinnar.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 13. apríl.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:24.

Elín Guðrún Pálsdóttir ritaði fundargerð